

Sönnun á setningu Pýþagórasar

Námsmatsverkefni

Verkefni næstu tíma er að **sanna setningu Pýþagórasar**. Ýmsar leiðir hafa verið fundnar til þess að sanna setninguna og er hægt að finna margar sannanir á vefnum (prófið að leita t.d. eftir Pythagorean theorem).

Verkefnið er eftirfarandi:

- Þið veljið ykkur eina sönnun, sem þið líkið eftir og búið til kynningu. Sönnunina á að setja fram
 - **með líkani og stuttri kynningu** eða
 - **myndbandi þar sem sönnunin er sýnd og útskýrð.**
- Í kynningunni og myndbandinu þarf skilningur á sönnuninni að koma skýrt fram.
- Þið hafið **þrjár** kennslustundir til að vinna að verkefninu, ef þið þurfið lengri tíma þá þurfið þið að gera það utan skóla. Þið þurfið sjálf að redda því efni sem þið þurfið á að halda til þess að framkvæma sönnunina. Verkefnið eigið þið svo að **kynna** í fjórðu kennslustundinni.
- Þið berið ábyrgð á að hópurnir ykkar geti starfað saman og að verkefninu sé skilað á tilskyldum tíma.
- Hópurinn gerir sjálfsmat og jafningjamat. Það er einstaklingsverkefni þar sem hver og einn metur hvernig hópnum gekk að vinna saman, hvort allir voru virkir og hver þeirra eigin þátttaka var í verkefninu. Sjálfsmatið verður aðgengilegt á Google Classroom þegar kynningu verkefnisins er lokið.



Góða skemmtun og gangi ykkur vel 😊



Hæfniviðmið

	 Framúr- skarandi hæfni	 Mjög góð hæfni	 Hæfni náð	 Á góðri leið	 Þarfnast þjálfunar	 Ég sýni ekki hæfnina
Ég get unnið með einfalda sönnun í stærðfræði. SS.4						
Ég get beitt skapandi hugsun við að setja fram stærðfræðileg viðfangsefni. VB.1						
Ég get unnið í samvinnu við aðra að lausn stærðfræðiverkefna. VB.4						

